



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

KRÝNINGARAFMÆLI DANADROTTNINGAR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú munu um helgina, laugardaginn 14. janúar og sunnudaginn 15. janúar, taka þátt í hátíðardagskrá í Kaupmannahöfn í tilefni af því að 40 ár eru liðin frá því að Margrét Þórhildur varð drottning Danmerkur.

Hátíðarhöldin hefjast í Ráðhúsi Kaupmannahafnar í hádeginu laugardaginn 15. janúar og um kvöldið verða hátíðartónleikar í tónlistarhöll danska ríkisútvarpsins. Á sunnudag munu forsetahjónin fylgjast með fagnaðarathöfn í Amalienborgarhöll og sitja hádegisverð í boði Friðriks krónprins og Mary krónprinsessu. Síðdegis sækja gestir guðþjónustu í kirkju Kristjánsborgarhallar en dagskránni lýkur með hátíðarkvöldverði í Kristjánsborgarhöll.

Auk forsetahjóna munu þjóðhöfðingjar Norðurlanda taka þátt í dagskránni sem og fjölmargir aðrir gestir.

13. janúar 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).